

Fundargerð - Fyrsti fundur landsfundarnefndar, föstudag 30 ágúst

Mættar: Sigrún Erla Egilsdóttir, Stefanía Óskarsdóttir, Birna Sigurjónsdóttir, Hulda Ólafsdóttir

Staðsetning landsfundar:

Rætt um þá hugmynd að halda landsfund í Viðey. Rætt um kosti þess og galla. Stutt frá Reykjavík og skemmtilegur staður. Hins vegar eru konur þá „fastar“ á staðnum frá morgni (laugardags) fram á kvöld. Sumum gæti þótt óþægilegt að hafa engan stað til að hafa sig til fyrir hátíðarkvöldverð. Einnig verður að sjá til þess að ekki verði dauður tími á milli þess sem fundarhöldum lýkur þar til kvöldverður hefst. Athugandi að vera með einhverja uppákomu á þeim tíma, t.d. aðkeyptan tónlistarflutning.

Rætt um staðsetningu fyrir inngangsfund að landsfundi sem haldinn væri hér í bænum. Safn Einars Jónssonar gæti verið góður staður fyrir slíkt. Þá væri e.t.v. hægt að skapa dálítið „drama“ í kringum fundinn.

Þema inngangsfundar

Rætt um þá hugmynd að ræða um konur og tölvur á inngangsfyrirlestri. Þetta gæti verið of þröngt umræðuefni. Betra að ræða eitthvað sem er víðtækara, eins og framtíðarsýn jafnréttisbaráttu, hvaða breytingar eru framundan með aukinni tækni og breytingum í samfélaginu. Þá væri hægt að hafa stutt erindi nokkurra þátttakenda og síðan pallborðsumræðu og spurningar úr sal. Nokkur nöfn komu upp í þessu sambandi:

Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi R.víkurborgar
Sigga Lilly, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneyti
Ragnhildur Helgadóttir, upplýsingarfræðingur
Kristrún Heimisdóttir, lögfræðinemi
Sigríður Dúna, betra væri að fá e-a Sjálfstæða konu sem er ótengd
Kvennalista. Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Ásdís Halla, Hanna Birna
Kristjánsdóttir.

Þema landsfundar

Sveitarstjórnarmál. Mikilvægt að koma því til skila að konur eru mikilvægar og þurfa að láta til sín taka í sveitarstjórnarmálum. Hulda benti á að þetta gæti verið upphaf að kosningabaráttu. Það er þó e.t.v. viðkvæmt að benda beint á hlut Kvennalistakvenna í R.vík sem fyrirmynd þar sem konur eru ósammála um það hvort Kvennalistinn eigi að vinna einn eða með öðrum. Birna nefndi að hægt er að nota skólamálin (flutning grunnskólans). Þetta er svið þar sem konur eiga að láta til sín taka í sveitarstjórnnum. Hulda var sammála og sagði að gott væri að fá einhverjar skýrar línur frá

Kvennalistanum um þetta þar sem hún situr í skólamálaráði/fræðsluráði.

Stefanía: Spurning hvernig við nálgumst þetta efni, þ.e. sveitarstjórnarmálin. Gætum fengið Jónu Valgerði eða Ragnhildi Vigfúsd. til að flytja erindi.

Birna: Gæti verið gott að fá konur sem eru ekki stór nöfn innan Kvennalistans. Ættum að leita til kennara og sérkennara.

Hulda: Foreldrafélög og fræðsluráð. Foreldraráð virka ekki eins og þau eiga að gera. Konur geta notað þá leið til að hafa áhrif. Nefndi nafn Valgerðar Gunnarsdóttur á Húsavík. Sat a.m.k. eitt kjörtímabil sem fulltrúi Kvennalista í samstarfi við aðra í sveitarstjórn. Hún eða einhver sambærileg gæti komið inn með leiðir eða sýn